

1. fundur stjórnar

Starfsárið 2024-2025

16. mars 2024

Viðstödd eru: Bjarndís, Hannes, Hrönn, Jóhannes, Kristmundur, Sveinn, Vera

Fundargerð ritar: Vera Illugadóttir

Fundur settur: 10:03.

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórn skiptir með sér hlutverkum sem hér segir:

Kristmundur, varaformaður

Vera, ritari

Jóhannes, gjaldkeri

Hannes, meðstjórnandi

Hrönn, meðstjórnandi

Sveinn, meðstjórnandi

2. Nýr framkvæmdastjóri

Ráða þarf nýjan framkvæmdastjóra Samtakanna '78 í stað Daníels. Álfur, fyrrverandi formaður, og Jóhannes gerðu drög að starfsauglýsingu. Stjórn fer yfir auglýsinguna og ræðir. Stjórn ræðir hvort fá eigi utanaðkomandi aðila til aðstoðar við ráðningarferlið og þá hvernig.

3. Næsti fundur

Stjórn ákveður næsta stjórnarfund kl. 16:00 á næstkomandi þriðjudag.

4. Afmælisnefnd 2028

Skipa þarf nefnd um skipulagningu hálftrar aldar afmælisárs Samtakanna 2028 og upptaktinn að því. Bjarndís, Sveinn og Hannes ætla að funda um næstu skref og koma með hugmyndir til stjórnar um hvernig skipulag afmælisnefnda verður háttað.

5. Önnur mál

a. Stjórn ræðir fyrirkomulag vinnudagsins með starfsfólki.

b. Stjórn ræðir fyrirkomulag fundargerðaskrifa.

6. Samþykkt fundargerðar

Fundargerð er lesin upp á fundi til samþykktar. Fundargerð er samþykkt.

Fundi slitið: 10:50.